



JAFNRÉTTI Í KENNSLU GÁTLISTI





JAFNRÉTTI Í KENNSLU

Upplýsingar og gátlisti fyrir kennara um samþættingu jafnréttissjónarmiða við kennslu


Hugmyndin um samþættingu jafnréttissjónarmiða gerir ráð fyrir því að stofnanir flétti sjónarmið jafnréttis inn í daglegt starf. Kennsla og rannsóknir eru meginþættir starfsemi Háskóla Íslands og mikilvægt að jafnréttissjónarmiða gæti þar. Hér er sjónum beint að því hvernig best sé að flétta jafnréttissjónarmið inn í kennslu.

Sú stefna sem mörkuð er í jafnréttisáætlun HÍ tekur mið af því að kennarar, nemendur og annað starfsfólk HÍ eru fjölbreyttur hópur. Í samfélaginu njóta ólíkir hópar misjafnrar stöðu og virðingar og ýmsir meðfæddir, félagslegir og menningarbundnir þættir geta stuðlað að mismunun. Mismunun á grundvelli kyns, kyngervis, uppruna, litarháttar, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, heilsufars, trúarbragða, skoðana, búsetu, efnahags eða menningar er óheimil innan Háskóla Íslands. Mikilvægt er að hafa samtvinnun mismunabreyta í huga, þ.e. hvernig staða fólks eða mismunun þeirra verður til vegna samtvinnnaðra áhrifa ólíkra breyta eða félagslegra þátta.

Jafnréttisáætlun HÍ byggir á jafnréttislögum (nr. 10/2008) sem kveða á um að nemendur á öllum skólastigum skuli hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skuli lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi (23. gr.).

Mismunun er oft óviljandi og ómeðvituð og hefur þessi gátlisti verið próaður í þeim tilgangi að vekja starfsfólk HÍ til umhugsunar um jafnrétti í kennslustofunni.

Jafnréttisfulltrúi HÍ hefur tekið saman þennan gátlista, í samvinnu við Kennslumiðstöð HÍ, og auk þeirra standa Jafnréttisnefnd HÍ og Ráð um málefni fatlaðs fólks að útgáfu gátlistans. Gátlistinn er lifandi plagg sem gert er ráð fyrir að þróist áfram og má senda ábendingar á jafnretti@hi.is.



Hvar get ég leitað ráða?

Þátttaka í umræðum um samþættingu jafnréttissjónarmiða

Reglulega eru haldnir umræðu- og fræðslufundir um samþættingu jafnréttissjónarmiða þar sem starfsfólk getur deilt reynslu, spurt spurninga og fengið hagnýtar upplýsingar. Fundirnir eru auglýstir á vef Kennslumiðstöðvar HÍ (kemst.hi.is).

Leita ráða hjá samstarfsfólki

Það getur verið gott að leita ráða hjá samstarfsfólki ef upp koma vandamál eða spurningar. Jafnrétti er sameiginlegt verkefni háskóla-samfélagsins, mikilvægt er að deila reynslu af vinnu í tengslum við jafnrétti og samþættingu.

Leita ráða hjá sérfræðingum skólans

Háskóli Íslands býr svo vel að eiga fjölmarga sérfræðinga á sviði jafnréttis. Hægt er að leita til jafnréttisfulltrúa, námsráðgjafa sem sjá um sértæk úrræði í námi og innan skólans er fjölmargt fræðafólk á sviði jafnréttismála, t.d. innan kynjafræði, fötlnarfræði, fjölmenningsfræði og hinseginfræði. Á öllum fræðasviðum skólans starfa jafnréttisnefndir sem hægt er að leita til.

Hægt er að fá frekari upplýsingar um jafnréttisstarf Háskóla Íslands ásamt jafnréttisáætlun skólans á vefgátt jafnréttismála – jafnretti.hi.is. Hægt er að hafa samband við jafnréttisfulltrúa með tölvupósti á jafnretti@hi.is. Upplýsingar um Náms- og starfsráðgjöf HÍ er að finna á nshi.hi.is og netfang er radgjof@hi.is.

Klámvæðing og kynbundið ofbeldi

Eru til verklagsreglur um viðbrögð innan háskólans?

Já. Verklagsreglur um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi (sjá hugtakalista hér aftast í bæklingnum til skýringar) má finna á vefsíðunni jafnretti.hi.is ásamt tendu efni. Mikilvægt er að við séum öll upplýst um hvernig bregðast skuli við þegar slík mál koma upp. Sérstakt fagráð innan háskólans tekur á móti kvörtunum vegna brota og tekur mál til meðferðar. Allar nánari upplýsingar er að finna á jafnretti.hi.is, m.a. hvert skal leita.

Hvað geri ég ef kynferðisleg áreitni kemur upp?

Ef slíkt kemur upp, hvort heldur sem nemandi kvartar undan slíku eða kennari verður var við slíkt, gera reglur háskólans ráð fyrir að leitað sé til ofangreinds fagráðs.

Hvað er klámvæðing og hvernig hefur hún áhrif á fólk?

Nátengt fordómfullri orðræðu er klámvæðing og andrúmsloftið sem leiðir af henni. Hugtakið klámvæðing er notað til að lýsa því þegar klám og vísanir í myndmál, táknmyndir og orðfæri kláms eru notaðar í okkar daglega umhverfi og jafnan felur þetta í sér að sýna, taka þátt í eða ýta undir kynferðislega undirskipan ákveðinna hópa. Þannig jaðarsetur og niðurlægir klámvæðing ákveðna hópa, einkum konur. Með því að skilja hvað felst í klámvæddri orðræðu er hægt að bregðast við og koma í veg fyrir slíka hegðun.



Kennsluáætlun og námsefni

Skiptir máli hvort kennsluáætlun er birt með góðum fyrirvara?

Það er hjálplegt fyrir nemendur að hafa aðgang að kennsluáætlun með góðum fyrirvara m.a. til að þeir geti áætlað bókakostnað og skipulagt sig. Miklu skiptir að bókalistar séu tilbúnir með góðum fyrirvara, sérstaklega þegar gera þarf námsefni aðgengilegt fyrir nemendur sem nýta sértæk úrræði, en einnig til að nemendur hafi möguleika á því að panta bækur erlendis frá.

Skiptir máli hvort efni eftir fjölbreyttan höfundahóp sé á lesefnislista?

Mikilvægt er að nemendur kynnist sem flestum sjónarhornum á fræðigrein sína. Áhrif og sýnileiki kynjanna er mismikill eftir fræðigreinum og geta kennarar haft áhrif á hvort nemendur kynnist skrifum karla og kvenna í faginu og þar með ólíkum sjónarmiðum. Einnig er gott að huga að öðrum þáttum, t.d. kynhneigð, fötlun og uppruna höfunda, enda fjölmargt sem getur haft áhrif á sýn og nálgun höfunda á viðfangsefnið. Hið sama á við þegar leitað er til gestakennara – þá er gott að huga að því hversu fjölbreyttur hópur gestakennara er í þeim námskeiðum sem kennari hefur umsjón með.

Er gagnlegt að gera ráð fyrir umræðu um jafnréttismál í kennsluáætlun?

Já. Í mörgum fræðigreinum er úr miklu efni að moða, en í öðrum er meiri áskorun að finna bækur og greinar þar sem viðfangsefnið eru skoðuð með „kynjagleraugum“ eða „jafnréttisgleraugum“ ellegar hvernig staðalmyndir af ýmsum hópum hafa haft áhrif á stöðu þekkingar í greininni. Til dæmis má taka til skoðunar þær staðalmyndir sem stundum verða til um fólk í tilteknum fræðigreinum út frá fötlun, uppruna, litarhætti, kyni, kyngervi, kynhneigð, kynvitund, aldri, heilsufari, trúarbrögðum, skoðunum, búsetu, efnahag eða menningu.

Í íslenskum lögum er gert ráð fyrir því að nemendur á öllum skólastigum fái fræðslu um jafnréttismál. Kennarar eru í lykilstöðu til að stuðla að því að nemendur ljúki námi með vítt sjónarhorn á fræðigrein sína. Þetta má m.a. gera með því að hvetja nemendur til að spyrja gagnrýninna spurning m.a. um menningu, kyn, kyngervi, uppruna, litarhátt, fötlun, kynhneigð, kynvitund, aldur, heilsufar, trúarbrögð, skoðanir, búsetu eða efnahag og samtvinnun mismunabreyta.

Kennslurými

Skiptir sjálfstærri kennslurýmið máli?

Það getur verið áhugavert að skoða kennslustofuna með jafnréttisglæraugum, t.d. hvort tilteknir hópar séu sýnilegri en aðrir á myndum sem prýða veggi stofunnar; hvaða auglýsingar eða veggspjöld hanga uppi og hvaða skilaboð þau bera um karla og konur, fólk af ólíkum uppruna og fatlað fólk. Kennarar geta haft áhrif á útlit og skipulag kennslurýmis og rætt við nemendur um þær birtingarmyndir kynjanna sem þar birtast og áhrif þeirra.

Hver ber ábyrgð á að allir nemendur hafi greiðan aðgang að kennslustofunni?

Aðgengi er eitt helsta áhyggjuefni nemenda sem nota hjólastól eða hafa takmarkaða hreyfigetu, en aðgengismál verður að skoða í viðum skilningi og taka þarf tillit til nemenda sem þurfa sértæk úrræði. Kennarar og nemendur þurfa saman að reyna að takast á við og koma í veg fyrir aðgengishindranir og viðhorfstengdar tálmanir.

Nemendur bera ábyrgð á að hafa samband við Náms- og starfsráðgjöf sem lætur deildarskrifstofu og umsjónarkennara námskeiðs vita svo hægt sé að gera ráðstafanir, s.s varðandi stofu. Upplýsingar um hvar kennsla fer fram þurfa að vera skýrar og aðgengilegar nemendum. Kennari þarf að hafa aðgengismál í huga við skipulag kennslu, t.d. ef um er að ræða vettvangsferðir eða kynningar þar sem nemendur þurfa að standa á sviði eða komast að töflu í kennslustofu.



Húsbúnaður

Þegar kemur að því að velja húsbúnað inn í kennslustofur er gott að hafa í huga að nemendur eru fjölbreyttur hópur og eitt hentar ekki öllum. Þannig þarf t.d. að koma til móts við óléttar konur og misstóra nemendur almennt. Litlir stólar með áföstum borðum henta ekki öllum. Með því að hafa mismunandi húsbúnað inni í skólastofum er komið til móts við fjölbreytileikann.

Að auki þarf að huga að því hver notkunin á kennslustofunni á að vera áður en farið er af stað að búa hana húsgögnum. Fyrir hvaða hóp er stofan? Hvaða rými þurfa nemendur? Þurfa þeir mögulega á stærri borðum að halda vegna þess að þeir eru að reikna eða nægir þeim borðpláss sem rúmar tölvu eða bók? Hentar e.t.v. að hafa húsgögnin hreyfanleg?



Nemendur

Að vera vakandi og opin/n fyrir fjölbreytileika og áhrifum hans á nemendahópinn, kennsluna og umræður

Meðal nemenda og starfsfólks Háskóla Íslands er fatlað og ófatlað fólk af öllum kynjum með ýmiss konar kynhneigð, kynvitund, uppruna, þjóðerni, trú, bakgrunn og reynslu úr mismunandi menningu á ýmsum aldri.

Mikilvægt er að hafa þennan fjölbreytileika í huga og ganga ekki út frá því að nemendahópurinn sé einsleitur eða að tiltekið nám henti einum hópi fremur en öðrum. Margir kennarar nota gamansemi á jákvæðan hátt til að stuðla að betri stemningu í nemendahópnum og er mikilvægt að hafa virðingu að leiðarljósi í því sem öðru. Kennarar þurfa þó að vera meðvitaðir um að það er oft undir yfirskini spaugsemi sem ýmsir hópar verða fyrir niðurlægingu og þöggun. Byggja mætti markvisst og á jákvæðan hátt á fjölbreytileika nemenda í kennslu, svo sem mismunandi reynslu og þekkingu þeirra.

Hvað er hægt að gera til að stuðla að jafnri þátttöku sem flestra nemenda?

Gott er að huga að stöðu, þátttöku og virkni nemenda með hliðsjón af kyni, fötlun og öðrum þáttum. Er þátttaka nemenda í tímum jöfn? Eru ákveðnir hópar ráðandi? Er kynjamunur á þátttöku og virkni? Eru sumir hópar fremur en aðrir í aðstoðar- eða stuðningshlutverki? Þegar um hópavinnu er að ræða, eru hópar þá einsleitir eða blandaðir? Kemur það hlutverk að kynna verkefni frekar í hlut fólks af einu kyni en öðru; fá t.d. fatlaðir nemendur léttvægari verkefni en aðrir nemendur, eru samkynhneigðir nemendur látnir svara fyrir allt hinsegin fólk, taka nemendur af erlendum uppruna sér minna rými og tjá sig síður en aðrir nemendur? Eða er annar greinanlegur munur á milli hópa sem kennari tekur eftir? Slíkt gæti verið tilefni til að endurmeta kennsluaðferðir og opna á möguleika annarra hópa á þátttöku. Hér þarf kennari að beita valdeflandi nálgun og aðferðum.

Gott er að hafa ólíkan bakgrunn og reynslu nemenda í huga því hún hefur áhrif á skilning og nálgun þeirra á efnið, og jafnframt er hægt að nýta ólíka reynslu nemenda t.d. í umræðum um náms-efnið. Ljóst er að nemendur í Háskóla Íslands eru mjög fjölbreyttur hópur. Staða nemenda og þættir sem snerta þá eru ekki endilega sýnilegir, því er mikilvægt að alhæfa ekki eða falla í gryfju neikvæðra staðalmynda um tiltekna hópa fólks.

Skiptir kynjahlutfall í nemendahópnum máli?

Ágætt er fyrir kennara að vera meðvitaðir um kynjahlutfall í fræðigreini sinni og námskeiðum. Nýta má þær upplýsingar til að stuðla að umræðu og vekja nemendur til umhugsunar um hlut kynjanna í fræðigreininni og ræða hvaða ástæður liggja að baki. Kennarar geta haft mikil áhrif á það hvort það kyn sem er í minnihluta í nemendahópnum fái rými og sé viðurkennt sem jafningi í kennslustofunni, m.a. í umræðum.

Sértæk úrræði í námi

Nemendur sem þurfa á sértækum úrræðum í námi að halda leita til Náms- og starfsráðgjafar fyrir 15. október á haustmíssi og fyrir 1. mars á vormíssi og gera þar samning um úrræði á grundvelli reglna um sértæk úrræði í námi (nr. 481/2010). Gott er að minna nemendur á að upplýsa kennara ef þörf er á úrræðum sem snerta kennara beint og í þeim tilvikum geta kennarar óskað eftir að sjá samning því til staðfestingar. Frekari upplýsingar má finna á vef Náms- og starfsráðgjafar nshi.hi.is.

Hvernig geta kennarar stuðlað að möguleikum til samræmingar náms og fjölskyldulífs?

Nemendur hafa mismikla fjölskylduábyrgð. Kennarar geta aukið möguleika á að samræma nám og fjölskyldulíf með ýmsu móti s.s. með góðri kennsluáætlun þar sem skipulag kennslu, verkefna og prófa kemur fram og kynnt er ekki síðar en í upphafi míssis. Mikilvægt er að kennarar taki tillit til fjölskyldufólks og setji ekki aukatíma utan hefðbundins vinnutíma. Gott er að hafa þetta í huga þegar kemur að heimaprófum sem eru fyrir utan hefðbundinn vinnu- og skólatíma því t.d. nemendur sem eiga börn geta átt erfiðara með að nýta þann tíma í próf.



Samskipti við nemendur og innan nemendahópsins

Er gagnlegt að læra nöfn sem flestra nemenda?

Mikilvægt er að nemendur finni sig heima í fræðigreininni sem fyrst. Liður í því er að allir nemendur upplifi sig sem hluta af hópnunum. Í handbók kennara er kennurum bent á gagnsemi þess að læra nöfn nemenda sinna. Það stuðlar að því að þeir finni sig heima og tengist faginu, kennaranum og nemendahópnum sterkari böndum. Þá getur það hjálpað kennurum að myndir séu af nemendum í námsumsjónarkerfum.

Er mikilvægt að virða nafnaval nemenda og nota rétt fornöfn?

Já, það skiptir máli að virða óskir nemenda um eigið nafn og fornöfn. Sumir nemendur kjósa e.t.v. nafn og fornafn sem virðist ekki samsvara kyni þeirra og er ólíkt því sem birtist á nafnalista. Með því að virða óskir t.d. trans og intersexeinstaklinga hjálpa kennarar til við að undirstríka að hver einstaklingur hafi fullt vald yfir eigin kyni og nafnavali. Fornöfnin hán, hé og hín eru t.d. notuð af kynsegin fólki og taka orðin oftast með sér hvorugkyn.

Að forðast stimplun og lítillækkandi heiti yfir ákveðna hópa

Fjölmörg hugtök eru til sem notuð hafa verið á niðurlægjandi hátt um t.d. hinsegin fólk og fatlað fólk. Mikilvægt er að starfsfólk og nemendur gæti þess að nota ekki óviðeigandi eða lítillækkandi orð í samskiptum sínum. Til að mynda getur það talist gildishlaðið að tala til eða um nemanda sem ljúfan eða elskan; að tala um kynskiptinga (trans karl eða trans kona eru hugtök sem flest trans fólk kallar eftir að séu notuð); að eitthvað sé hommalegt eða kellingalegt. Almenn skynsemi dugar í flestum tilvikum, en eðlilegt er að óvissa geri stundum vart við sig og má þá benda á aðsjaldan tekur fólk hugulsömum fyrirsurnum illa, t.d. ef kennari er óviss um hvaða fornafn nemandi kys að nota um sjálfan sig.

Hvernig eru mín eigin samskipti við nemendur og hversu vel tekst mér að koma jafnt fram við þau öll?

Öllum getur orðið á í samskiptum. Þegar kemur að kennslu, viðtalstímum, tölvupóstum og öðrum samskiptum við nemendur er gott að rýna í eigin samskipti með jafnréttisglæraugun að vopni. Hefur kyn áhrif á hvernig ég kem fram við fólk? Fell ég stundum í þá gildru að telja fatlaða nemendur vera ósjálfbjarga? Verður fólk óöruggt, t.d. í umræðu um ástir, um leið og samkynhneigðir eiga í hlut og er jafnvel óafvitandi lokað á slíka umræðu? Er ég með fyrirfram hugmyndir um t.d. námsframvindu og skilning þegar um er að ræða nemendur af erlendum uppruna? Gagnlegt er að rýna í okkar eigin samskipti með þessum hætti. Það hjálpar til við að koma í veg fyrir að við mismunum fólki á ómeðvitaðan hátt.

Hvernig má byggja upp öruggt rými sem er laust við fordóma og mismunun?

Munum eftir fjölbreytileikanum. Hjálplegt er að umræða og þau dæmi sem tekin eru spegla hann. Það hjálpar til við að nemendur finni fyrir viðurkenningu og öryggi og dregur úr líkum á að hræðsla við fordóma komi í veg fyrir að t.d. samkynhneigðir, trans eða fatlaðir nemendur tjái sig til jafns við aðra nemendur.

Virðing í rafrænum samskiptum

Samskipti sem fara fram rafrænt geta verið vægðarlausari en önnur samskipti. Gott er að hafa skýr viðmið um samskipti á spjallsvæðum, þar sem lögð er áhersla á virðingu og vinsemd í samskiptum í samræmi við siðareglur Háskóla Íslands og koma á framfæri að hatursorðræða og fordómar séu ekki liðin. Góð regla er t.d. sú að kennari sé upphafsmaður (admin) Facebook-síðu ef hún er notuð til stuðnings kennslu, m.a. til að stuðla að góðum samskiptum og tryggja að allir nemendur hafi aðgang að síðunni. Tillögu um leiðbeiningar til nemenda um samskipti innan nemendahópsins má finna hér fyrir neðan.



Taka á fordómum þegar þeir koma upp

Ef og þegar fordómar koma upp skipta viðbrögð kennara miklu máli, þ.e. hvort kennari taki á þeim og geri nemendum grein fyrir að slíkt sé ekki líðið. Oft getur verið erfitt að uppræta fordóma annarra, en stuðningur og afstaða kennara hefur mikið að segja fyrir þau sem verða fyrir fordómum. Ef á þarf að halda geta kennarar leitað til jafnréttisnefndar síns fræðasviðs og jafnréttisfulltrúa skólans til að fá ráðgjöf um heppileg viðbrögð.

Samskipti í nemendahópnum – Tillaga höfundu að klausu sem hægt væri að hafa í kennsluáætlun námskeiða

Mikilvægt er að koma fram við annað fólk af virðingu og vinsemi eins og kemur fram í siðareglum Háskóla Íslands. Skapa má rými fyrir skoðanaskipti, rökræður og ágreining án þess að samskipti

verði niðurlægjandi eða ógnandi. Við Háskóla Íslands er mismunur og kynbundin og kynferðisleg áreitni ekki líðin eins og kemur fram í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands. Að niðurlægja, gera grín að, ógna eða ráðast á fólk vegna kyns, kynhneigðar, fötlunar, kynvitundar, uppruna, litarháttar, trúarbragða o.s.frv. er ekki líðið. Slíkt gildir um öll samskipti, bæði bein og rafræn.

Vörumst að styðja við staðalmyndir og setja fólk í fyrirfram ákveðin hólfr út frá hópum sem það er talið tilheyra. Spyrjum okkur hvort við myndum koma eins fram ef manneskjan væri ófötluð, af öðru kyni, hefði aðra kynhneigð, ætti sér annan uppruna o.s.frv. Ef við erum óviss um viðbrögð við ákveðnum ummælum getur verið betra að sleppa þeim. Sýnum hvort öðru skilning og virðingu og vinnum saman að því að skapa góða umræðuhefð.



Námsmat og hæfniviðmið

Er kynjamunur á gengi nemenda í prófum og verkefnum?

Það getur verið gagnlegt og áhugavert að kanna hvort munur sé á gengi kynja í eldri prófum og verkefnum, t.d. hvort sá munur birtist í tilteknum þáttum námsmats fremur en öðrum (s.s. ritgerðarspurningum eða fjölvalsspurningum). Ef um greinilegan mun er að ræða er mikilvægt að skoða hvort það eigi sér eðlilegar skýringar. Einnig hvort rétt sé að huga að samsetningu námsmats, nota jafnvel blöndu af ólíkum aðferðum í námsmati.

Hverju er gott að huga að við framkvæmd frammistöðumats?

Vísbendingar eru um að staðalmyndir kynjanna hafi áhrif á frammistöðumat, t.d. sé líklegra að fólk lýsi konum með annars konar orðum en það lýsir körlum. Dæmi um slíkt er þegar talað er um að konur séu iðnar og áhugasamar, en að karlar séu skarpir og ákveðnir.

Einnig hefur fólk stundum tilhneigingu til að meta eiginleika sem fremur eru eignaðir körlum meira en þá eiginleika sem frekar eru

eignaðir konum. Mikilvægt er því að við séum meðvituð um að hvaða marki slíkar staðalmyndir hafa áhrif á hvernig við hugsum um einstaka nemendur.

Einkunnir

Það hjálpar nemendum mjög að uppbyggileg umsögn fylgi einkunn. Nemendur geta betur bætt sig ef þeir vita hvað stendur að baki einkunn – vita hvernig þeir geta bætt frammistöðu sína. Það auðveldar einnig kennara að hafa skýr viðmið við yfirferð verkefna og prófa. Það er mikilvægt að nemendur hafi skýrar upplýsingar um væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra og birtast í námsmat. Einnig er mikilvægt að nemendur viti af hverju lokaeinkunn í námskeiðum samanstendur. Er það á hreinu t.d. að einkunnaskalinn sé frá 1–10 eða A, B, C eða er hann staðið/fallið?

Hvaða letur og leturstærð hentar best?

Það hjálpar mörgum nemendum með lesörðugleika þegar próf og verkefni eru prentuð með 14 punkta Arial eða Calibri letri. Í örfáum tilfellum getur smærri letur hentað nemanda betur.



Þetta er einstaklingsbundið. Öllum gagnast hins vegar að hafa aðgang að öllu efni (þar á meðal glærum) á rafrænu formi.

Skýrar námsmatskröfur í upphafi náms skipta máli

Allt skipulag í námi er af hinu góða og kemur til móts við þarfir nemenda til að geta skipulagt sig fram í tímann. Mikilvægt er að hæfniviðmið og námsmatskröfur séu skýrar í upphafi náms. Sem dæmi má nefna að fram komi eins fljótt og unnt er ef nám krefst útiveru þar sem aðgengi er takmarkað (t.d. fjallgöngur). Einnig hvernig námsmat er upp byggt, s.s. heimapróf, próf, verkefni, lestrardagbækur o.fl. Mikilvægt er að dagsetningar á skilum eða prófadögum liggi fyrir í upphafi misseris (próftafla haustmisseris-prófa er birt í lok september og próftafla vormisserisprófa í lok

janúar). Gott er að hafa það á hreinu í námskeiðslýsingu og taka fram í upphafi námskeiðs á hvaða tungumálum má skila verkefnum og lokaprófi. Er jafnvel í boði að fá að taka lokapróf á ensku?

Hvernig er hægt að stuðla að hæfni nemenda á sviði jafnréttismála?

Samkvæmt lögum er gert ráð fyrir fræðslu um jafnrétti á öllum skólastigum, enda er mikilvægt að undirbúa nemendur til þátttöku í fjölbreyttu samfélagi sem byggist á hugmyndum um jafnrétti. Gott er að huga að því hvort hæfniviðmið taki mið af þessu og kanna leiðir til að tryggja slíka hæfni að námi loknu. Bent er á að hægt er að kalla inn sérfræðinga í jafnréttismálum til að sinna þessu hlutverki.

Kennsluaðferðir

Hvað gagnast blindum, sjónskertum og lesblindum nemendum í fyrirlestrum?

Skrif á töflu gagnast lítið eða ekkert nemendum sem eru sjónskertir eða blindir, en það hjálpar til ef kennari les upp jafnóðum. Hljóðefni og annað námsefni sem er aðgengilegt rafrænt hentar betur sjónskertum nemendum og nemendum með lesblindu. Gott er að hafa í huga að með því að notast við fjölbreyttar aðferðir í kennslu er líklegra að vel gangi að mæta þörfum sem flestra, bæði fatlaðra og ófatlaðra nemenda.

Hvað gagnast heyrnarlausum/heyrnarskertum nemendum í fyrirlestrum?

Það er mikilvægt að nemandinn fái góða túlkabjónustu og til þess að það takist þurfa bæði kennarar og nemandinn að vera meðvitaðir um starf og hlutverk túlka. Gott aðgengi fyrir heyrnarskerta þýðir að upplýsingarnar/boðskapurinn nái örugglega þeim heyrnarskerta. Það eru einkum fjögur form sem henta: Texti/textun, hljóðmögnum, rittúlkun, táknmálstúlkun og fer það eftir því hve heyrnarskerðingin er mikil hvað við á hverju sinni. Túlkar fá aðgang að heimasvæði námskeiðsins á Uglunni, eru þar í sérhópi merktum túlkum. Ef kennari setur ekki efni á Ugluna fyrir tímann er hann beðinn um að senda túlki undirbúningsefni í tölvupósti. Bjart þarf að vera í kennslustofu til að nemandi sjái túlkinn auðveldlega.

Fjölbreytt umfjöllun skiptir máli

Þegar kennarar taka dæmi í kennslu er gott að hafa fjölbreytni í huga, t.d. að taka dæmi um fólk af mismunandi uppruna, fólk á ólíkum aldri, konur í svokölluðum karlastörfum og öfugt, samkynhneigt fólk, trans fólk, fatlað fólk o.fl.

Myndefni má nota til að spegla fjölbreytileika

Það er áhrifaríkt þegar myndefni sem notað er í kennslu sýnir fjölbreytni mannlífsins. Mikilvægt er að fara yfir kennsluefni, einkum glærur, með tilliti til þessa. Gott er að hafa í huga að myndefni sem heldur sig inni í „kassanum“ (t.d. hvít gagnkynhneigð ófötlud þör, og svo karlar í svokölluðum karlastörfum og öfugt) er líklegra til þess að festa í sessi hefðbundnar hugmyndir um hvað sé „eðlilegt“ fremur en að ögra þeim.





Aðstoðarkennarar og skrif meðmæla

Skiptir máli hvort aðstoðarkennarar eru valdir út frá jafnréttissjónarmiðum?

Það er gott að huga að jafnréttissjónarmiðum þegar kennarar velja aðstoðarkennara og hvort nemendur hafi jöfn tækifæri í þeim efnum. Til dæmis er hægt að skoða kynjahlutföll meðal aðstoðarkennara sem áður hafa verið ráðnir, er það einsleitur eða fjölbreyttur hópur? Hvers konar kröfur gerum við þegar við veljum aðstoðarkennara? Er lagt mismikið upp úr karllægum og kvenlægum eiginleikum? Hefur það þau áhrif að við erum líklegri til að velja ómeðvitað fólk af tilteknu kyni til slíkra starfa? Hægt er að hugsa sér að ráða karla og konur á víxl og huga að auki að því að aðrir þættir séu

ekki útilokandi eins og fötlun, kynhneigð, kynvitund, kyngervi, litarháttur, uppruni, tungumál, bakgrunnur, menning og fleira.

Hvað er gott að hafa í huga þegar skrifað er meðmælabréf?

Við ritun meðmælabréfa er gott að setja upp jafnréttisglæraugun og spyrja sig spurninga á borð við: „Myndi ég nota sama orðalag ef nemandinn væri af öðru kyni, af öðrum uppruna eða ef nemandinn væri ófatlaður?“ Þegar við gætum þess að horfa ekki á nemendur út frá slíkum þáttum er líklegt að meðmæli séu sanngjörn og að samræmi aukist í slíkum skrifum.

Hugtakalisti

Forréttindi (e. privilege): Forréttindi má skilgreina sem einhvers konar forskot. Forréttindi ófatlaðs fólks felast meðal annars í því að þurfa ekki að skilgreina sig, þurfa ekki að gera grein fyrir sjálfu sér, búa við almennt og gott aðgengi að gæðum samfélagsins, og að falla að viðmiðum samfélagsins.

Fötlun/ófötlun (e. disability/ability): Fötlun getur verið margvísleg en yfirleitt er átt við skerðingu sem er líkamleg og/eða andleg. Fatlað fólk rekur sig oft á það að umhverfið og menningin gerir sjaldnast ráð fyrir því og aðstæður og félagslíf miðast almennt við ófatlað fólk. Enska hugtakið ableism hefur verið notað til að lýsa slíku. Hugtakið er systurhugtak sexismanna og rasisma og er notað yfir fordóma og/eða mismunun gagnvart fötluðu fólki þar sem hagsmunir og þarfir ófatlaðs fólks eru í fyrirúmi.

Intersex: Hugtakið nær yfir breitt svið af meðfæddum líkamlegum einkennum eða breytileika sem liggja á milli okkar stöðluðu hugmynda um karl- og kvenkyn. Intersex einstaklingar fæðast með einkennum sem eru ekki algjörlega karl- eða kvenkyns; sem eru sambland af karl- og kvenkyns; eða sem eru hvorki karl- né kvenkyns.

Klámvæðing (e. pornification): Hugtakið klámvæðing er notað til að lýsa því þegar klám og vísanir í myndmál, táknmyndir og orðfæri kláms eru notaðar í okkar daglega umhverfi, og jafnan felur þetta í sér að sýna, taka þátt í eða ýta undir kynferðislega undirskipan ákveðinna hópa. Þannig jaðarsetur klámvæðing og niðurlægir ákveðna hópa, einkum konur.

Kyn (e. sex) og **kyngervi** (e. gender): Kyn vísar til líkamlegs og líffræðilegs kyns. Kyngervi snýst um félagslega mótað kyn/menningarlegt kyn, sbr. hugtökin kvenleiki og karlmennska. Kyngervi getur verið margvíslegt og þarf ekki að ákvarðast af líffræðilegu kyni.

Kynbundið ofbeldi (e. gender-based violence): Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjóninga þeirrar/þess/háns sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi. Ávallt skal leita til áðurnefnds fagráðs háskólans þegar grunur er um slíkt brot innan skólans.

Kynbundin áreitni (e. gender-based harassment) og **kynferðisleg áreitni** (e. sexual harassment): Áreitni er m.a. notuð til þess að fá fólk til að fylgja hefðbundnum kynjahlutverkum. Reglur háskólans gera ráð fyrir að leitað sé til áðurnefnds fagráðs þegar slíkt kemur upp. Með hugtakinu kynbundin áreitni er átt við hegðun sem tengist kyni þeirrar/þess/háns sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni. Með hugtakinu kynferðisleg áreitni er átt við hvers kyns kynferðislega hegðun sem er í óþökk þeirrar/þess/háns sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni.

Kynhneigð (e. sexual orientation): Vísar til þess af hverjum við hrífumst. Hún getur verið breytileg og mismunandi. Gagnkynhneigð er hins vegar yfirleitt ráðandi og þarf að gæta þess að gera ekki ávallt ráð fyrir henni.

Kynjagleraugu: Með kynjagleraugum er átt við það þegar fólk byrjar að horfa gagnrýnið á sitt umhverfi frá sjónarhorni kynjajafnréttis.

Kynsegin (e. non-binary): Kynsegin er hugtak sem nær yfir fólk sem skilgreinir kyn sitt utan tvíhyggju kynjakerfisins (og er því einnig trans). Sumt kynsegin fólk er t.d. karlkyns og kvenkyns, annað hvorki karlkyns né kvenkyns eða skilgreinir ekki kyn sitt. Kynsegin er því í raun regnhlífarhugtak undir regnhlífarhugtakinu trans.

Kynvitund (e. gender identity): Það kyn sem fólk upplifir sig vera, sem getur verið ólíkt líffræðilegu kyni (t.d. þegar transfólk á í hlut).

Trans/Transfólk – transgender: Trans er regnhlífarheiti yfir fólk sem er með kynvitund sem samræmist ekki því kyni sem því var úthlutað við fæðingu. Undir transregnhlífinu falla trans karlar og trans konur, fólk sem fer í leiðréttingaraðgerðir, fólk sem fer ekki í aðgerðir og kynsegin fólk.

Uppruni (e. origin): Merkir þann stað eða uppruna sem fólk hefur, t.d. ef einstaklingur eða fjölskylda hans er upprunalega frá öðru landi. Íslendingar geta haft mismunandi uppruna.

Samtvinnun mismunabreyta (e. intersectionality): Þegar staða fólks eða mismunun þeirra verður til vegna samtvinnnaðra áhrifa ólíkra breyta eða félagslegra þátta.

Samþætting (e. integration): Samþætting jafnréttissjónamiða gerir ráð fyrir því að stofnanir flétti sjónarmið jafnréttis inn í daglegt starf.

Öldrunarfordómar (e. ageism): Fordómar á grundvelli þess að einhver hafi náð tilteknum aldri og sé þess vegna öðruvísi, með aðrar þarfir, langanir eða getu, aðrar væntingar eða lífssýn.

Öráreiði/Öráreitni (e. micro aggression): Öráreitni nær yfir hversdagslegar athafnir, athugasemdir eða umhverfisþætti sem eru niðrandi eða niðurlægjandi fyrir fólk sem tilheyri jaðarsettum hópum. Hver athöfn eða athugasemd þarf ekki að vera stórvægileg en þegar fundið er fyrir slíku reglulega, eða daglega, eykur það álagið sem fólk verður fyrir og ýtir undir jaðarstöðu þess. Þau sem standa fyrir óráreitni ætla sér ekki endilega að skaða eða jaðarsetja fólk, en óráreiði er stundum ætlað sem hrós. Því eru gerendur jafnvel ómeðvitaðir um afleiðingar gjörða sinna og er gjarnan bæði erfitt að koma auga á óráreitni og benda á að slík hegðun hafi skaðleg áhrif.

Skilgreiningar eru m.a. fengnar af:

Hinsegin frá Ö til A

Intersex Ísland

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (nr. 10/2008)

Ó/Fötun – Pælingar um betra háskólasamfélag

Verklagsreglur um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Háskóla Íslands

Gátlista þennan má nota,
afrita og dreifa í skólastarfi
svo fremi sem vísað sé til hans.

Jafnrétti í kennslu: Gátlisti. 2018.
Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands,
Jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands,
Kennslumiðstöð Háskóla Íslands
2. útgáfa.
Ljósmyndir: Kristinn Ingvarsson



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Jafnréttisfulltrúi
Jafnréttisnefnd
Kennslumiðstöð

jafnretti@hi.is
jafnretti.hi.is
kemst.hi.is

